

Katrin Fjeldsted

**Subject:** RE: Lögheimili og réttur aðila með sameiginlegt forræði og forsjá  
**Location:** allsherjarnefnd re barnalög

**Start:** mán. 18.11.2002 00:00  
**End:** þri. 19.11.2002 00:00  
**Show Time As:** Free

**Recurrence:** (none)

---

**From:** Katrin Fjeldsted  
**Sent:** 18. október 2002 22:55  
**To:** 'Gisli Olafsson'  
**Subject:** RE: Lögheimili og réttur aðila með sameiginlegt forræði og forsjá

-----Original Message-----

**From:** Gisli Olafsson [mailto:gisliro@simnet.is]  
**Sent:** 17. október 2002 20:22  
**To:** Katrin Fjeldsted  
**Subject:** Lögheimili og réttur aðila með sameiginlegt forræði og forsjá

Sæl Katrin,

Í tengslum við umræður um sameiginlega forsjá barna langar mig að benda á vankanta í lögum um lögheimili (1990/21) þar sem ekki er næginlega vel tekið á réttarstöðu foreldra sem hafa skilið og hafa sameiginlega forsjá og forræði. Þar segir:

**8. gr.** Barn [17 ára]<sup>1)</sup> eða yngri á sama lögheimili og foreldrar þess ef þeir búa saman, ella hjá því foreldrinu sem hefur forsjá þess. Hafi barn fasta búsetu hjá því foreldri sem ekki hefur forsjá þess skal það eiga þar lögheimili enda sé forsjáforeldri samþykkt búsetunni. Hafi forsjá barns ekki verið falin öðru hvoru foreldranna á barnið sama lögheimili og það foreldri sem það býr hjá. Búi barn hjá hvorugu foreldra sinna á það lögheimili þar sem það hefur fasta búsetu.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um lögheimili kjörbarna og fósturbarna.

<sup>1)</sup> L. 145/1998, 1. gr. <<http://www.althingi.is/altext/stjt/1998.145.html>>

Þetta ákvæði gerir það að verkum að við skilnað þurfa foreldrar að gefa upp hjá hvoru foreldrinu barnið muni eiga lögheimili hjá. Væri það einungis formsatriði væri þetta lítið mál. Hins vegar hefur það ákveðnar afleiðingar að gefa frá sér lögheimilið:

- Fari foreldrar í forsjármál seinna meir, þá er lögheimilisrétturinn ríkari öðrum rétti (þar með talið móðurréttinum sem allir héldu að væri heilagur)
- Skattalega hefur það foreldri sem hefur sameiginlega forsjá og forræði engar kröfur til barnabót þar sem hann hefur ekki börn á sínu lögheimili.

Þetta er sérstaklega ankáralegt þegar börn búa 50:50 hjá hvoru foreldri fyrir sig og því jöfn forsjárbirgði á báðum aðilum.

Það er von mín að þú kannir þetta mál og vekir athygli á því í þeirri umræðu sem nú á sér stað um þessi atriði í meðferð alsherjarnefndar á breytingum á barnalögum.

Kær kveðja,

Gísli Rafn Ólafsson  
Einstæður faðir úr Hafnarfirði